



Nefndasvið Alþingis

Varðandi þingskjal 640; 403. mál

Tillaga til þingsályktunar um orkuskipti í samgöngum

Umsögn Valorku ehf

Valorka ehf fagnar tillögunni í heild, og þá sérstaklega þeim megintilgangi hennar að minnka hlut jarðefnaeldsneytis í samgöngum með notkun endurnýjanlegra orkugjafa og orkusparnaði. Hinsvegar er ástæða til athugasemda um eftirfarandi töluliði varðandi stefnumótun:

1. Forysta. Það markmið að Ísland verði í forystu um notkun á endurnýjanlegri orku til samgangna á heimsvísu er að öllum líkindum óraunhæft. Þó margt styðji hraðan framgang þessarar þróunar hérlendis er ljóst að veigamiklir þættir vinna þar í móti. Vegur þar þyngst að við ráðum ekki ferðinni í tæknilegu tilliti; hvorki varðandi hugmyndasvið né framleiðslu. Við erum þiggjendur vöru og hugverka annarra þjóða á þessu sviði. Önnur ástæða er sú að nú þegar eru fjölmargar þjóðir mjög meðvitaðar um nauðsyn orkumiðilsbreytinga af þessu tagi. Almennigur víða erlendis virðist vera meðvitaðri um vistvænar samgöngur en Íslendingar ef marka má fréttir af notkun reiðhjóla, almenningssamgangna og að fólk sameinist um notkun farartækja. Þegar við þetta bætist sú efnahagslega mara sem nú hvílir á íslensku þjóðinni er allsendis óraunhæft að setja markmið af þessu tagi. Við skulum vera minnug þess að áður höfum við ætlað að hreykja okkur hátt meðal þjóða, og er skemmt að minnast vetnisvæðingarævintýrisins; þegar við ætluðum að vera fyrstir til að vetnisvæða bílaflotann. Það tókst ekki, þó hér sé nokkuð hátt hlutfall vetnisbíla miðað við aðrar þjóðir. Við ætluðum líka að verða „alþjóðleg fjármálamiðstöð“, en allir vita hvar það lenti. Kominn er tími til að slaka á í óraunhæfum yfirlýsingum af þessu tagi. (Nærtækara væri að setja svo metnaðarfull markmið á sviðum þar sem við erum nú þegar í forystu á hugmyndasviði. Þar er t.d. átt við virkjun sjávarfallaorku við straumhraða undir 2,5 m/sek, en þar virðist íslensk hugmynd standa framar en aðrar.)
2. Mikilvægi. Fyrri hluti þessa töluliðar er skynsamlega orðaður, þar sem hvatt er til þess að „unnið verði markvisst og eins hratt og kostur er að því að draga úr innflutningi á jarðefnaeldsneyti með því að hvetja til orkusparnaðar og skapa hagrænar forsendur fyrir notkun ökutækja sem nota endurnýjanlega orkugjafa“.



Hinsvegar er síðari setningin óskynsamleg í ljósi efnahagsstöðu þjóðarinnar. Ráðlegast er að sleppa þessum lið alveg, en a.m.k. orðalaginu „hefja skal“.

3. Skattaumhverfi. Tekið er undir þetta.
4. Orkusparnaður. Tekið er undir þetta, en einnig mætti leggja áherslu á hvatningu til orkusparnaðar og umhverfisvitundar á öllum stigum skólagöngu.
5. Samstarf. Tekið er undir þetta, en rétt er að bæta við þátttöku frumkvöðla og hugvitsmanna.
6. Rannsóknir og þróun. Hér er dregið á mikilvægasta þátt þessarar tillögu, að frátöldu e.t.v. megininntakinu. Rannsóknnum á endurnýjanlegum orkugjöfum hefur lítið sem ekkert verið sinnt héraendis að frátöldum vatnsföllum og jarðhita. T.d. hefur algjörlega skort rannsóknir á einni stærstu (ef ekki langstærstu) orkulind Íslands; sjávarfallaorku. Valorka ehf best fyrir úrbótum í því efni, og tekur því heilshugar undir orðalag þessa töluliðar. Verður að vænta þess að í kjölfar þessarar þingsályktunartillögu verði samþykkt stefnumótun um rannsóknir á sjávarfallaorku.
7. Ísland sem tilraunavettvangur. Taka má undir þetta.
8. Stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun. Nauðsynlegt er að efla stuðningsumhverfi nýsköpunar á öllum sviðum. Í raun þyrfti að stokka það upp frá grunni ef það ætti að skila þeim þjóðhagslega ávinningi sem það hefur burði til. Á þetta hafa Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna ítrekað bent, en lítt verið sinnt af stjórnvöldum. Því er hver áfangi að því marki fagnaðarefni. Hins vegar er varasamt að skipa með svo afgerandi hætti fyrir um auknar fjárveitingar til einstakra ríkisútgjalda sem hér er gert.
9. Alþjóðasamstarf. Taka má undir þau stefnumið sem hér birtast.

f.h. Valorku ehf

Valdimar Össurarson, frkvstj. Valorku
(og form. Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna)